

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 93/1983. **Guðný Jónsdóttir**

gegn

Carli J. Eiríkssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi felli niður.

Áfrýjandi, Guðný Jónsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 240/1980. **Guðmundur Davíðsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Guðna Hans Bjarnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. desember 1980. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu. Til vara krefst hann þess, að hin dæmda fjárhæð verði lækkuð í 9.412.00 krónur (nýkr.). Í báðum tilvikum krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, sem sótti ekki dómþing í héraði, hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né lagt nein gögn fyrir Hæstarétt aðalkröfu sinni til stuðnings. Varakrafa hans er talin miðuð við það, að hann hafi lagt stefnda til handlangara við múrvinnuna og sjálfur goldið þeim manni laun. Hefur áfrýjandi til stuðnings þessu lagt fyrir Hæstarétt vottorð frá Gústaf Svanssyni, Ferjubakka 8, um, að hann hafi unnið að handlönguninni fyrir áfrýjanda. En með því að stefndi hefur mótmælt vottorðinu og það er óstaðfest, verða staðhæfingar áfrýjanda um þetta atriði að teljast ósannaðar. Samkvæmt þessu, og þar sem upphafstíma vaxta er ekki mótmælt, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að dráttarvextir af dæmdri fjárhæð verða ekki reiknaðir hærri en í dómsorði greinir.

Eftir þessu úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 22% ársvextir frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 45% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðmundur Davíðsson, greiði stefnda, Guðna Hans Bjarnasyni, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1979, af Guðna Hans Bjarnasyni múrara, Einarsnesi 66, Reykjavík, gegn Guðmundi Davíðssyni, Unufelli 48, Reykja-

vík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.557.063 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1979 til 1. september s. á., en með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður er krafist að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Á bæjarþingi Reykjavíkur þann 6. mars sl. lækkaði stefnandi stefnufjárhæð um kr. 98.930.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að á síðastliðnum vetri hafi stefnandi tekið að sér að múra hluta fasteignarinnar nr. 8 við Brekkutanga í Mosfellssveit, en eigandi þeirrar eignar hafi verið stefndi. Stefnandi hafi unnið að verkinu ásamt tveimur starfsmönnum sínum á tímabilinu 15. mars til 11. maí sl. Hafi hann oft orðið að hverfa frá verkinu, bæði þar sem vantaði efni og eins vegna þess, að húsið var á því byggingarstigi, að aðrar framkvæmdir töfðu fyrir framgangi múrverksins. Hinn 11. maí sl. hafi verið eftir að múra stigahús og eins hafi einhverjum smærri frágangi verið ólokið. Hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að hann mundi ljúka verkinu, þegar mótarif hefði farið fram og reistir hefðu verið vinnupallar, og hafi hann beðið stefnda að láta sig vita, er hann væri tilbúinn. Skömmu síðar hafi stefnandi séð, að aðrir múrarar voru farnir að vinna við húseignina, og hafi afskiptum hans af verkinu þar með lokið. Í ágúst hafi verkið verið mælt upp af Múrarafélagi Reykjavíkur og hafi verkið numið skv. uppmælingu kr. 2.398.123 og hafi endurskoðunargjald verið kr. 60.010. Stefnandi hafi verið viðstaddur, er mæling fór fram, og hafi gætt þess, að ekkert væri mælt, sem hann hafði ekki unnið sjálfur. Á verktímanum hafi stefndi greitt inn á verkið kr. 1.000.000, en hafi ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fengist til að greiða eftirstöðvar reikningsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 197.900.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Davíðsson, greiði stefnanda, Guðna Hans Bjarnasyni, kr. 1.458.133 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 197.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.